

FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Mánudaginn 11. febrúar 2008, kl. 17⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Vilhelm Harðarson, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Svenny Hallbjörnsdóttir, Þórarinn Grétarsson, Ágúst Þór Bragason Helgi Gunnarsson og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Aðalskipulag.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum:

- a) Bréf Landmótunar um ráðgjafavinnu við aðalskipulagsgerð
- b) Hugmyndir að vinnuferli og efnistöfum.
- c) Fundaáætlun við upphaf skipulagsvinnu

Gögn varðandi aðalskipulagið lágu fyrir fundinum vegna fyrirhugaðra samninga við Landmótun um skipulagsvinnuna. Nefndarmenn ræddu fyrirbyggjandi gögn og þá skipulagsvinnu sem framundan er. Samþykkt að mæla með því við sveitarstjórn að samið verði við Landmótun á forsendum fyrirbyggjandi gagna.

2. Vallarbraut 2.

Sorphreinsun VH óskar samþykkis nefndarinnar á stækkun lóðar og heimild til reksturs gámvalla á lóðinni. Einnig óskað heimildar til þeirra framkvæmda sem þarf til að byggja upp gámvelli. Vilhelm Harðarson lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.

Fyrir fundinum lágu drög að nýjum lóðamörkum sem gera ráð fyrir stækkaðri lóð. Nefndin fjallaði um breytta stærð lóðar og samþykkti að mæla með fyrirbyggjandi lóðarmörkum en óskaði eftir að sveitarstjóri kannaði skipulagslega stöðu málsins og hvort ný lóðamörk brjóta í bága við deiliskipulag. Nefndin samþykkti að heimila fyrir sitt leyti þá starfsemi sem gert er ráð fyrir með gámvöllum og samþykkti jafnframt þær framkvæmdir sem uppbygging þeirra leiðir af sér. Samþykkt að óska eftir teikningum vegna breyttrar starfsemi í húseigninni Vallarbraut 2 og verklýsingum/teikningum af framkvæmdum á lóð og vegna girðinga.

3. Ránarbraut 1.

Beiðni um heimild til að endurnýja dyraskýli.
Erindið samþykkt.

4. Fjörubraut 7

Vík ehf sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta frystigám við Fjörubraut 7.
Erindið samþykkt og heimilað stöðuleyfi til eins árs.

5. Bogabraut 15

Eigendur Bogabrautar 15 óska heimildar til að breyta gluggum í eigninni.
Erindið var samþykkt.

6. Fellsbraut 4

Framlagðir aðaluppdrættir og skráningartafla vegna endurbóta og breytinga á eigninni. Nefndin yfirfór teikningarnar og staðfesti þær.

7. Árnes

Sveitarstjóri óskar heimildar byggingarnefndar til að rífa viðbyggingu við Árnes og jafnframt heimild til að endurgera elsta hluta hússins skv. meðf. teikningum Jóns Nordsteien.

Erindið var samþykkt.

8. Hafnarlóð 6

Húsfélag Hafnarlóðar 6 óskar staðfestingar á reyndarteikningum af húseigninni. Nefndin yfirfór fyrirbyggjandi teikningar og staðfesti þær.

9. Önnur mál.

Ekki voru borin upp erindi undi önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 18.⁴⁰